

# Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna Til breytinga á samþykktum sjóðsins

Lagðar fram á ársfundi 30. apríl 2019

Tillögur 1 og 2 eru vegna Hlutfallsdeildar, en tillaga 3 er vegna beggja deilda.

## Fyrsta tillaga

### Breyting á 9. gr. Iðgjöld til sjóðsins, lið 9.1

**Var:** Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

**Verður:** Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **72,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

## Önnur tillaga

### Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna, lið 11.2

**Var:** Eftirlaunin skulu nema **1,92%** fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

**Verður:** Eftirlaunin skulu nema **1,82%** fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til **72,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

### Greinargerð með fyrstu og annarri tillögu er varða Hlutfallsdeild.

Breytingin er lögð til í því skyni að jafna þann mun sem myndast hefur milli skuldbindinga og eigna deildarinnar og er tillagan í samræmi við það sem kynnt var á sjóðfélagafundi Hlutfallsdeildar 28. nóvember 2018. Nam hallinn um síðustu áramót 7% af heildarskuldbindingum deildarinnar og hefur verið yfir 5% vikmörkum í 2 ár.

Viðvarandi halli hefur verið á deildinni undanfarin ár, þrátt fyrir að raunávöxtun eigna hafi verið umfram 3,5% viðmið, og skýrist einkum af því að forsendur á skuldbindingahlið hafa ekki staðist. Þó ekki sé skylt að lögum að bregðast við á þessum tímamarki telur stjórn skynsamlegt að lækka réttindi nú til að koma í veg fyrir frekari aukningu hallans sbr. umræður á fyrrnefndum sjóðfélagafundi.

Lækkun á árlegum réttindastuðli úr 1,92% í 1,82% samsvarar um 5,2% lækkun á lífeyri. Skapist aðstæður til hækkunar réttinda á ný mun slíkt verða gert en eins og kunnugt er rekur sjóðurinn mál fyrir dómstólum vegna Hlutfallsdeildar.

Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum breytinga á stöðu sjóðsins í umfjöllun um tryggingafræðilega úttekt á ársfundi .

## Þriðja tillaga

### IV. kafli. Ýmis sameiginleg ákvæði

### **Breyting á 29. gr. Greiðsla við andlát, lið 29.1**

**Var:** Erfingjar látins sjóðfélaga eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við andlát hans að fjárhæð er samsvari mánaðarlaunum skv. launaprepi nú 141. Sjóðstjórn endurskoðar þessa viðmiðun með hliðsjón af launapróun.

**Lagt er til að greinin verði felld út.  
Töluliðir síðari greina breytast til samræmis.**

### **Greinargerð með þriðju tillögu er varðar báðar deildir.**

Lagt er til að sameiginlegt ákvæði um dánarbætur verði felld út en slík ákvæði tíðkast almennt ekki í samþykktum annarra lífeyrissjóða. Breytingin er lögð til í því skyni að minnka þann mun sem myndast hefur milli skuldbindinga og eigna beggja deilda.

Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum breytinga á stöðu sjóðsins í umfjöllun um tryggingafræðilega úttekt á ársfundi .

---

**Nýjar samþykktir taka gildi eftir að þær hafa hlotið samþykki aðildarfyrirtækja og Fjármálaráðuneytis. Þangað til gilda eldri samþykktir sjóðsins frá 28. nóvember 2014.**